



Fjallaskiladeild
Holtamannafréttar

Fundur fjallaskiladeildar Holtamannafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi miðvikudaginn 3. apríl 2019 kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson formaður, Karl Ölvisson, Örn Ingvarsson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson. og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð fjallaskiladeildar.

Gengið til dagskrár:

1. Kostnaður vegna fjallferðar 2018.

Heildarkostnaður við leitir 2018 án húsnæðis kr. 4.178.078.

Hlutur Ásahrepps: 2.387.473

Hlutur Rangárþings ytra: 1.790.605

Tillaga fjallaskiladeildar Holtamannafréttar að álagningu fjallskila:

Gjald fyrir land verður kr. 12.899

Gjald fyrir rekna kind kr. 292

Gjald fyrir ásett fé kr. 292

2. Landgræðsla Ríkisins, afgreiðsla umsóknar til Landbótasjóðs 2018

Alls bærust sjóðnum 91 umsókn. Ákveðið hefur verið að veita Ásahreppi styrk fyrir kr. 2.260.000 fyrir áburði til dreifingar á 192 ha.

Lagt fram til kynningar.

3. Mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns.

Formaður kynnti mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns 2018 og dreifingu sem fór fram haustið 2018 á kjötmjöli til prufu á 9,6 tonnum.

Fjallaskiladeild Holtamannafréttar samþykkir áframhaldandi dreifingu á kjötmjöli haustið 2019 ef Landgræðslan útvegar mjölið líkt og síðustu tvö ár.

4. Erindi Jóns Ágústar Jóhannssonar, sent frá hreppsnefnd Ásahrepps 20. febrúar 2019.

Lagt fram erindi sem vísað var til nefndarinnar frá hreppsnefnd Ásahrepps. Málið snýst um beiðni um að taka eignirnar Ásmundarstaðir 1 2/5 og Ásmundarstaðir 3 út af fjallskilaskrá.

Fjallaskiladeild Holtamannafréttar gerir ekki athugasemdir við að þessar jarðeignir verði undanskildar fjallskilum þar sem ekki er haldið sauðfé á þessum jörðum.

5. Erindi Magnúsar Ársælsssonar, sent frá hreppsnefnd Ásahrepps 20. febrúar 2019.

Lagt fram erindi sem vísað var til nefndarinnar frá hreppsnefnd Ásahrepps. Málið snýst um beiðni Magnúsar Ársælsssonar um að fá afnot af skálanum í Hvanggiljum í nokkra daga í ágústmánuði.

Fjallaskiladeild Holtamannafréttar samþykkir fyrir sitt leyti að heimila Magnúsi að nýta húsið í nokkra daga í ágústmánuði á þeim forsendum sem fram kemur í erindi Magnúsar.

6. Dagsetning réttardags haustið 2019.

Stefnt verður að réttardagur verði 8. september, en dagsetning getur tekið breytingum vegna tíðarfars.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00

Ísleifur Jónasson
Sævar Jónsson
Örn Ingvarsson

Óskar Ólafsson
Karl Ölvisson
Valtýr Valtýsson